

1978 nr. 62 20. maí**Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórn mála- flokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi**

Tóku gildi 6. júní 1978. Breytt með 1. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983) og 1. 162/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007).

■ **1. gr.** . . . ¹⁾ Þá er erlendum sendiráðum á Íslandi óheimilt að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu.

¹⁾ L. 162/2006, 13. gr.

■ **2. gr.** Lög þessi taka til stjórn mála flokka og félagsamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á

þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða, og einnig til blaða og tímarita, sem út eru gefin á vegum einstaklinga eða félagsamtaka.

■ **3. gr.** Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

■ **4. gr.** Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum . . . ¹⁾

□ Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

¹⁾ L. 10/1983, 74. gr.